

BS ritgerð
í viðskiptafræði

Kostir og gallar evrunnar

Alexander Angelo Tonini



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands

Leiðbeinandi: Ársæll Valfells

Maí 2009

Útdráttur

Ekki er auðvelt að svara hvort upptaka evru sem gjaldmiðil, í stað krónu beri með sér fleiri kosti en galla. Um þetta verður eflaust deilt um ófyrirséða framtíð. Margir þættir spila inni þess ákvörðun og þá ekki bara hagfræðilegir þættir heldur líka atriði er snerta þjóðarstolt okkar Íslendinga þegar við horfum á íslensku krónuna með landvættirnar öðrum megin til að minna okkur á sjálfstæðisbaráttuna og fiskana hinum megin sem lengi hafa verið okkar helsta auðlind. Í þessu riti verður reynt að fjalla um öll þau atriði er kunna að breyta íslensku efnahagslífi við fulla aðild að Evrópusambandinu og upptöku evru og reynt að meta kosti þess og galla. Einnig mun þetta rit innihalda efni um sögu og þróun evrunnar. Staða Íslands verður borin saman við evrusvæðið með tilliti til kenningu Robert Mundell um hagkvæm myntsvæði til að athuga hvort Ísland eigi að taka upp evru samkvæmt hennar skilyrðum um hagkvæm myntsvæði. Tvær heimildir eru notaðar oftast en aðrar og eru „Hvað með evruna“ eftir Eirík Bergmann Einarsson og Jón Þór Sturluson og „Kostir og gallar upptöku evru sem gjaldmiðils á Íslandi“ skrifuð af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Reynt verður að skoða kosti og galla evrunnar og krónunnar út frá staðreyndum sem tekist hefur að afla í þessum heimildum en ekki út frá skoðunum höfundna.

Efnisyfirlit

1	Kaflí eitt.....	4
1.1	Saga evrunnar	4
1.1.1	Evrópska myntkerfið, myntbandalagið og stöðugleiki.....	4
1.1.2	Seðlabanki Evrópu og aðildarríki án evru.....	7
1.1.3	Hvatinn og mótvægi við Bandaríkin.....	8
2	Kaflí tvö.....	9
2.1	Kostir og gallar evrunnar.....	9
2.1.1	Sveiflur á gengi og vaxtastig með evru.....	10
2.1.2	Hagstjórn með evru eða krónu.....	13
2.1.3	Rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja með evru.....	14
2.1.4	Verð á vörum með evru.....	15
2.1.5	Breytingar á vinnumarkaði með evru.....	16
2.1.6	Hagvöxtur og kaupmáttur launa með evru.....	16
2.1.7	Fjárfestingar útlendinga með evru.....	17
2.1.8	Utanríkisviðskipti með evru.....	18
2.1.9	Kenningin um hagkvæm myntsvæði.....	18
3	Niðurlag.....	20
4	Heimildaskrá.....	21

1 Kafi eitt

1.1 Saga evrunnar

Evrann var lögfest sem gjaldmiðill þann 1. janúar 1999 en hún varð ekki til í seðlum og myntum fyrr en þremur árum síðar eða þann 1. janúar 2008. Allt frá 1. janúar 1999 til 1. janúar 2002 var hægt að fá ávísanahefti og eiga bankainnistæður í evrum. Strax þann 1. janúar 2002 tóku tólf ríki Evrópusambandsins upp evruna sem gjaldmiðil en þau voru Austurríki, Belgía, Holland, Finnland, Frakkland, Þýskaland, Írland, Ítalía, Lúxemborg, Portúgal, Spánn og Grikkland. Í dag eru löndin samtals sextán þar sem Slóvenía, Kýpur, Malta og Slóvakía hafa tekið upp evruna sem gjaldmiðil.

Innleiðing evrunnar var eitt stærsta og viðamesta verkefni Evrópusambandsins til þessa og var á sama tíma Efnahags- og myntbandalag Evrópu (EMU) stofnað til þess að halda utan um sameiginlega peningastjórn hins nýja gjaldmiðils. Innleiðing evrunnar var á sama tíma mikil tæknileg áskorun fyrir þær þjóðir sem tóku upp evruna, það þurfti að breyta verðmiðum í búðum, aðlaga flókna gagnagrunna og síðast en ekki síst skipta um seðla í öllum hraðbönkum þessara landa. Margir óttuðust þessar breytingar en þrátt fyrir það gekk þetta mjög greitt fyrir sig og þann 1. janúar 2002 var búið að skipta út seðlum í 80% hraðbanka í löndunum tólf. Næst á dagskrá var að skipta út gömlum gjaldmiðlum eins og franska frankanum, írsku pundinu, þýska markinu og ítölsku lírunni og voru þessi gjaldmiðlar horfnir úr umferð hálfu ári síðar eða í júlí 2002 (Eiríkur Bergmann og Jón Þór, 2008).

1.1.1 Evrópska myntkerfið, myntbandalagið og stöðugleiki

Framan af höfðu margir sínar efasemdir um stöðuleika, trúverðugleika og framtíð evrópska myntkerfisins. Fljótlega kom þó í ljós að efasemdir gagnrýnenda voru ekki á rökum reistar. Smám saman komst á stöðugleiki í gjaldmiðlasamstarfi Evrópuríkja og evrópska myntkerfið (EMS) var formlega stofnað árið 1979 en einungis eitt ESB ríkjanna Bretland, kaus að standa fyrir utan samstarfið. Hlutverk evrópska myntkerfisins var að meta gengi gjaldmiðla aðildarríkja sem samanstóð af fjölda evrópskra gjaldmiðla. Evrópska myntkerfinu tókst með góðum árangri að draga úr

gengissveiflum milli gjaldmiðlana. Síðar meir eða árið 1986 gengu Spánn og Portúgal til liðs við evrópska myntkerfið eftir að aðild að Evrópusambandinu var komið í höfn og að lokum gekk Bretland einnig í myntkerfið árið 1990, en tóku ekki upp evru.

Engu síður er óhætt að segja að evrópska myntkerfið lenti í nokkrum hremmingum framan af og þá sérstaklega í upphafi níunda áratugarins þar sem engar yfirþjóðlegar stofnanir á borð við sameiginlegan seðlabanka voru til að mæta gengissveiflum og skortstöðum spákaupmanna. Undir lok níunda áratugarins fóru leiðtogar tveggja stærstu meðlima evrópska myntkerfisins Frakkland og Þýskaland að huga að stofnun sameiginlegs myntbandalags. Margir óttuðust, þá sérstaklega leiðtogar Evrópusambandsins, að sveiflur í gengi gjaldmiðla aðildarríkjanna myndu á endanum stofna innri markað Evrópusambandsins í hættu rétt um þær mundir sem hann var að myndast. Mikil og stöðug þróun innri markaðar Evrópusambandsins varð á endanum til þess að flýta fyrir að koma á fót sameiginlegri mynt til að auðvelda viðskipti milli aðildarríkjanna og til þess fallinn að eyða sveiflum. Hér ber að nefna Einingarlög Evrópu sem tóku gildi árið 1987 sem var stórt skref í rétta átt. Árangur Einingalaganna sáust greinilega strax ári síðar eða 1988 og varð þess valdandi að á leiðtogaráði í Hannover var framkvæmdastjóra Evrópusambandsins Jaques Delors falið umboð til að móta tillögur að stofnun Efnahags- og myntabandalags Evrópu. Ári síðar á leiðtogaráði í Madrid 1989 voru niðurstöður Jaques Delors gerðar kunnugar og úr þeim var gerður grunnurinn að Maastricht-sáttmálanum um Evrópusambandið sem var undirritaður í desember 1991. Maastricht-sáttmálinn var áætlun í þremur þrepum til að koma á fót sameiginlegum gjaldmiðli sambandsríkja Evrópusambandsins. Með þessu voru aðlögunarskilyrði sem Evrópuríkin þurftu að uppfylla áður en þeir gátu orðið aðilar að Maastrichtsáttmálanum sem tók gildi í ársbyrjun 1993 og þar með var gjaldmiðlasamstarf Evrópuríkja hluti af lagasafni Evrópusambandsins.

Í fyrsta áfanga Efnahags og myntbandalags Evrópu frá 1990 til 1993 var hömlum af öllum fjármagnshreyfingum aflétt, sjálfstæði seðlabanka aðildarríkja Evrópusambandsins aukið, yfirdráttur ríkisjóða í seðlabönkum bannaður og sveiflur í gjaldmiðlum aðildarríkjanna yrðu ekki meiri en 2,25 prósent frá miðgildi allra gjaldmiðlanna samanlagt og til þess var aukið frelsi seðlabanka til að vera virkur á gjaldeyrismarkaði sérstaklega mikilvægur þáttur. Í öðrum áfanga árið 1994 var peningastofnun Evrópusambandsins stofnuð og var í raun fyrsti þáttur í stofnun sameiginlegs seðlabanka og hafði það hlutverk að auka samstarf og samræmingu allra seðlabanka aðildarríkjanna með tilliti til fjárlagahalla, skuldir aðildarríkjanna,

verðbólgu og vaxtastigs. Seinasti áfanginn hófst árið 1999 með stofnun Efnahags og myntbandalags Evrópu þar sem gengi allra gjaldmiðla aðildarríkjanna var fasttengt og evran varð að sameiginlegum gjaldmiðli.

Frá því að þrepin þrjú hófust árið 1990 voru tvær stórar atlögur gerðar að myntbandalaginu og voru báðar nálægt því að eyðileggja samstarfið áður en það hófst (Eiríkur Bergmann og Jón Þór, 2008). Árið 1992 var umfangsmikil spákaupmennska undir forystu George Soros sem leiddi til mikillar gengislækkunar á breska pundinu og varð til þess að hrekja breska pundið út úr ERM gengisskiptakerfinu. Það tók breska pundið fjögur ár að komast aftur í ERM kerfið og ná stöðugleika (Davis, 2002).

Í ágúst 1993 var gerð önnur tilraun af hálfu spákaupmanna sem varð til þess að seðlabankar aðildarríkjanna þurftu tímabundið að víkka mörk gengissveiflna úr 2,25 prósentum samkvæmt fyrsta þrepinu í heil 15 prósent. Á endanum stóðst myntsamstarf Evrópu báðar þessar tilraunir af sér og náði á endanum stöðugleika.

Stöðugleikasáttmáli myntbandalags Evrópu felur í sér samkomulag um stöðugleika og vöxt og er sérstaklega til þess fallinn að halda utan um aðhald í ríkisfjármálum og stuðla að stöðugu verðlagi. Stöðugleikasáttmáli var einn liðurinn í Maastrichtsáttmálanum og á að tryggja að munur á efnahagslífi aðildarríkjanna haldist í lágmarki og að fjármálastefna sé fyrst og fremst aðhaldssöm. Fjögur skilyrði voru sett í sáttmála þessum sem voru verðstöðugleiki, jafnvægi í ríkisrekstri, gengisstöðugleiki og langtímavextir. Hvað verðstöðugleika varðar skal ekki vera meiri en 1,5 prósent verðbólga umfram meðaltals verðbólgu í lægstu þremur evruríkjunum. Halli á ríkisrekstri aðildarríkja má ekki vera meiri en því sem nemur þrjú prósent af landsframleiðslu nema í sérstökum tilfellum og skuldir hvers aðildarríkis má ekki vera meiri en sem nemur 60 prósent af landsframleiðslu en þó eru veittar undanþágur ef þróun stefnir í rétta átt. Gengi gjaldmiðla aðildarríkjanna má ekki sveiflast meira en 15 prósent í aðra hvora áttina við evru í tvö ár samfellt. Að lokum eiga nafnvextir ríkisskuldabréfa til 10 ára ekki að vera hærri en tvö prósent umfram þá vexti sem tíðkast í þremur evruríkjum sem hafa lægsta verðbólgu (Eiríkur Bergmann og Jón Þór, 2008).

1.1.2 Seðlabanki Evrópu og aðildarríki án evru

Ákveðið var að staðsetja Seðlabanka Evrópu í Frankfurt í Þýskalandi og tók hann til starfa þann 1. júlí 1998 hálfu ári fyrir tilkomu evrunnar. Seðlabanki Evrópu er hluti af innsta kjarna evrópska myntsambandsins og er hann helsti drifkrafturinn í kerfinu og einungis löndin sem eru fullgildir aðilar að Myntbandalagi Evrópu eiga þátt í mótun hans. Miðkerfi myntsamstarfsins kallast evrukerfið og er samstarfsvettvangur seðlabanka þeirra aðildarríkja sem hafa tekið upp evru og Seðlabanka Evrópu. Evrópska seðlabankakerfið er svo ysta lagið og jafnframt það áhrifaminna og kemur ekki beinlínis að stórum ákvörðunum um sameiginlega peningastefnu.

Skipulag Seðlabanka Evrópu skiptist í þrjú þrep en þau eru framkvæmdastjórn bankans, stjórnunarráð bankans og almenna ráð bankans. Seðlabanki Evrópu er algjörlega sjálfstæður þegar það kemur að ákvörðun stýrisvaxta og önnur atriði er varða peningamálastefnu bankans. Hlutverk Seðlabanka Evrópu er fyrst og fremst að viðhalda stöðugu verðlagi á evrusvæðinu og til þess þarf hann algjörlega frjálssar og óháðar hendur. Verðbólguþolmið Seðlabanka Evrópu eru skilgreind sem 2 prósent á ári. Þrátt fyrir sterka stöðu evrunnar sveiflast hún engu að síður við aðra gjaldmiðla eins og bandaríska dollarann, breska pundið og japanska jenið en það hefur ekki teljanleg áhrif á verðlag innan evrusvæðisins sökum þess hvað innri markaður Evrópusambandsins er stór. Seðlabanki Evrópu er með einkaleyfi á útgáfu seðla og mynt í evrum og er bönkum innan evrusvæðisins óheimilt að taka við skipunum frá eigin heimaríkjum hvað varðar stýrisvexti eða peningamálastefnu. Það má með sanni segja að evran hafi fest sig í sessi og nýtur talsverðs trausts sem gjaldmiðill en þó er evran ennþá ung að árum og þykir of snemmt að dæma árangur hennar í dag. Þó má segja að hún sé að veita Bandaríkjadal harða samkeppni á alþjóðavísu. Fyrrum Seðlabankastjóri Bandaríkjanna Alan Greenspan hefur sagt að evran sé á góðri leið með að verða vinsælli gjaldmiðill en Bandaríkjadollar og gæti einn góðan veðurdag tekið við af Bandaríkjadollar sem vinsælasta mynt í gjaldeyrisvaraförða landa. Í framtíðinni er einnig sá möguleiki fyrir hendi að evran verði notuð í ríkari mæli í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Talsvert til að koma höggi á evruna enda hafa engin formleg áhlaup átt sér stað eins og sú sem felldi gengi breska pundsins árið 1992.

Bretland, Danmörk og Svíþjóð eiga það sameiginlegt að vera aðildarríki Evrópusambandsins en samt vera fyrir utan evrópska myntsamstarfið og ákváðu að bíða og sjá. Þegar ákveðið var að taka upp evruna árið 1999 hafði almenningur miklar

efasemdir um ágæti sameiginlegs gjaldmiðils en síðan hafa þær efasemdir verið að minnka hægt og rólega og má að miklu leyti rekja fyrrum efasemdir til þess að almenningur var illa upplýstur um evruna. Maastrichtsáttmálinn sem var undirritaður árið 1993 segir að öll aðildarríki Evrópusambandsins eigi að taka upp hina sameiginlegu mynt evru. Bretland varð fyrsta landið sem lýsti andstöðu sinni í garð hins sameiginlega gjaldmiðils þrátt fyrir að hafa verið forystuþjóð alveg frá stofnun innri markaðar Evrópu með Einingarlögnum frá 1987. Bretland fékk frest frá þessu ákvæði Maastrichtsáttmálans og þá var komið fordæmi fyrir aðrar þjóðir Evrópusambandsins að gera slíkt hið sama (Eiríkur Bergmann og Jón Þór, 2008). Danmörk hafnaði evrunni í sérstakri þjóðaratkvæðagreiðslu árið 2000 en þess í stað fékk Danmörk leyfi frá Evrópusambandinu til þess að festa gengi dönsku krónunnar við gengi evrunnar í gegnum ERM II kerfið á sínum tíma (Currency UK Limited, 2009).

Svíþjóð eins og Danmörk ákvað að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort skuli taka upp evru eður ei. Árið 2003 var evrunni hafnað með miklum yfirburðum eða 14 prósentum. Svíar höfnuðu evrunni með 56 prósentum á móti en einungis 42 prósent með (Curnow og Norgaard, 2003). Nú eru hinsvegar aftur komin upp áform um að taka upp evruna eftir rúmlega 25% gengisfall gagnvart evrunni. Bretland, Danmörk og Svíþjóð eru líka þau aðildarríki Evrópusambandsins sem hafa verið hvað tregust að taka upp önnur ákvæði sem samþykkt hafa verið. Þjóðarstolt þessara landa virðast ráða miklu um afstöðu þessarar landa til evrunnar (Eiríkur Bergmann og Jón Þór, 2008).

1.1.3 Hvatinn og mótvægi við Bandaríkin

Mikil aukning hefur orðið í viðskiptum milli landa á undanförunum árum og samhliða því hefur aukist flæði fjármagns milli allra landa heimsins. Þetta hefur skapað þörf fyrir efnahagslega samstillingu. Evrópa er lengst komin á leið í stefnu þessari og innri markaður ESB var að mestu tilbúinn með Maastrichtsáttmálann árið 1993, í honum felast frjálts vöruviðskipti, frjálst flæði fjármagns, opinn markaður fyrir þjónustu og frelsi til að sækja sér atvinnu innan svæðisins. Eftir að sáttmálanum var komið á fót jókst þörfin fyrir samstillingu í peningamálum innan Evrópu. Evrópusambandið taldi að myntsamstarf myndi auka hagvöxt, stuðla að meiri stöðugleika á svæðinu og að

með tilkomu evrunnar yrði loksins kominn fullkominn innri markaður Evrópusambandsins.

Hvatinn var ekki eingöngu fyrir efnahagslegar aðgerðir heldur einnig pólitískt þar sem evran átti að vera mótvægi Evrópu við Bandaríkin þar sem margir stjórnámálamenn voru óánægðir með það hreðjatak sem bandaríska hagkerfið hefur á heiminn allan.

Bandaríkjadalur hefur um nokkurra áratuga skeið skapað sér sérstöðu í alþjóðaviðskiptum og samhliða því hafa bandarísk fyrirtæki notið góðs af því og geta stundað öll sín viðskipti með eigin gjaldmiðli og sleppa þar af leiðandi að mestu leyti við gengisáhættu og þann viðskiptakostnað sem fylgir því að versla í öðrum erlendum gjaldmiðlum.

Um leið og evran kom var hún um leið einn stærsti gjaldmiðill heims með um það bil 300 milljón manns í tólf löndum á bak við sig og hefur bara stækkað síðan þá og er í dag orðin stærri í heimsviðskiptum heldur en Bandaríkjadollar. Evrópa í heild er efnahagslegur risi en um leið ekkert nema smáþéð þegar kemur að stjórnálalegum ítökum í heiminum. Með tilkomu evrunnar vonuðust evrópskir stjórnámálamenn að það myndi breytast og að Evrópa gæti beitt sér sem ein stór heild í stað margra misstórra landa. Evran á að styrkja stöðu Evrópuríkja á heimsvísu og auka vægi Evrópusambandsins í alþjóðastjórnámálum (Eiríkur Bergmann og Jón Þór, 2008).

2 Kafli tvö

2.1 Kostir og gallar evrunnar

Ísland hefur undanfarin ár spurt sig hvort kostir þess að taka upp evru sem gjaldmiðil séu fleiri en gallar þess og eru mjög skiptar skoðanir á því. Ekki er einungis verið að glíma við hagfræðileg sjónarmið heldur einnig pólitísk og jafnvel sjónarmið er varða þjóðarstolt okkar Íslendinga og margir tengja hana við sjálfstæðisbaráttu okkar sem þjóð. Ef einungis hagfræðileg sjónarmið eru tekin með í ákvarðanatöku er samt ekki auðvelt að komast að markvissri niðurstöðu um hvort kostirnir eða gallarnir séu fleiri. Engin veit hvað framtíðin ber í skauti sér og því er erfitt að taka ákvörðun um framtíð sem er enn óljós. Ekki auðveldar það ákvarðanatöku að evran er einungis tíu ára gömul sem gjaldmiðill og ekki nema sjö ára gömul í seðlum og myntum.


Eitt er þó alveg ljóst að sjálfstæður gjaldmiðill samhliða þeim hagstjórnartækjum sem honum fylgja er mikill kostur ef hann getur stjórnað hagsveiflum en ef hann er rót efnahagsvandans þá er getur hann verið mikill galli. Þó má ekki gleyma að margir gallar eru einnig á því að reka sjálfstæðan gjaldmiðil fyrir 300.000 manna þjóð sem ekki er hægt að nota í utanríkisviðskiptum við aðrar þjóðir. Krónan er algjörlega bundin við Ísland og þekkist varla í hinum alþjóða viðskiptaheimi. (Eiríkur Bergmann og Jón Þór, 2008; Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, 2007).

Næstu undirkaflar munu fjalla um kosti og galla þess að taka upp evru sem gjaldmiðil á Íslandi og verða fjölmargir lykilþættir skoðaðir og bornir saman með evru og krónu.

2.1.1 Sveiflur á gengi og vaxtastig með evru


Flestir eru sammála því að einn megin kosturinn við upptöku evru á Íslandi yrði stöðugra gengi en tíðkast í dag með sveiflukennda krónu. Krónan hefur og verður ávallt gríðarlega sveiflukennnd og það veldur vissum örðuleikum eins og við áætlanargerðir fram í tímann fyrir fyrirtæki og heimilin í landinu (Eiríkur Bergmann og Jón Þór, 2008). Íslenska krónan er einn minnsti sjálfstæði gjaldmiðillinn í heiminum og vilja margir bera hana saman við að hafa eina blokk á Mannhattan eyju með sinn eigin sjálfstæðan gjaldmiðil. Rétt er að taka fram að evran sveiflast líka alveg eins og krónan við aðra gjaldmiðla eins og Bandaríkjadollar og því til stuðnings eru hér einföld gröf sem sýna gengissveiflur evrunnar og íslensku krónunnar við Bandaríkjadollar frá árinu 1999 til 2009.

Graf þetta sýnir gengi ISK/USD.



Heimild: Landsbanki Íslands

Graf þetta sýnir gengi EUR/USD.



Heimild: Landsbanki Íslands

Samkvæmt upplýsingum frá Landsbanka Íslands er flökt á gengi íslensku krónunnar við gengi Bandaríkjadollar skráð 18,18 prósent á meðan breytingar á gengi frá byrjunardegi til lokadags reyndust vera 66,14 prósent. Næstum því helmingi minna flökt reyndist vera á gengi evrunnar við gengi Bandaríkjadollar eða 10,46 prósent og

breyting á gengi frá byrjunardegi til lokadags voru 26,24 prósent (Landsbanki Íslands, 2009). Hér sést vel einn af kostum þess að taka upp evru sem gjaldmiðil er og sá stöðugleiki sem fylgir honum. Einnig skal taka fram að meiri en helmingur af útflutningstekjum okkar Íslendinga við útlönd eru við evrusvæðið og um það bil 40 % af innflutningsvörum okkar eru einnig við evrulönd og þá er ekki talinn með Danmörk sem tengd er við evru og vegur um það bil 7% í viðbót af okkar viðskiptum við útlönd. Þessar sveiflur myndu heyra sögunni til en áfram yrðu sveiflur við aðra gjaldmiðla sem Ísland stundar utanríkisviðskipti við og ber þá helst að nefna Bandaríkjadollar, japanska jenið og breska pundið í því samhengi (Eiríkur Bergmann og Jón Þór, 2008).

Vextir á Íslandi hafa ávallt verið mun hærri en á evrusvæðinu og þar ber helst að horfa á muninn á stýrisvöxtum Seðlabanka Íslands og Seðlabanka Evrópu. Seðlabanki Evrópu hefur haldið stýrisvöxtum sínum á bilinu 3 til 5 prósent á meðan Seðlabanki Íslands hefur ávallt haldið stýrisvöxtum á bilinu 5 og allt upp í 18 prósent og hafa stýrisvextir haldist í tveggja stafa tölu frá árinu 2005 (Seðlabanki Íslands, 2009; European Central Bank, 2009).

Skýra má þennan mun á stýrisvöxtum bankanna út frá ólíkum aðstæðum í efnahagslífi Íslands og evrusvæðisins. Mikill uppgangur og hagvöxtur samhliða litlu atvinnuleysi var hér á Íslandi á árunum 2003 til 2007 og mikill verðbólguþrýstingur myndaðist vegna mikillar eftirspurnar á vörum og þjónustu á Íslandi og því hefur Seðlabanki Íslands neyðst til þess að hækka stýrisvexti til þess að vinna gegn þessari verðbólguþróun. Á evrusvæðinu hefur hagvöxtur verið minni og atvinnuleysi meira og því hefur Seðlabanki Evrópu haldið stýrisvöxtum sínum lágum til að reyna að örva atvinnulífið og hagvöxt (Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, 2007).

Talið er nánast öruggt að upptaka evru myndi leiða til lægri vaxta á Íslandi enda yrðu stýrisvextir hér þeir sömu og Seðlabanki Evrópu setur og Ísland yrði engin undantekning á því. Samhliða lægri stýrisvöxtum gæti myndast samkeppni á lánamarkaði þar sem erlendir bankar myndu sjá sér hag í að setja upp útibú á Íslandi. Erlendir bankar hafa hingað til ekki séð sér hag í því að koma inn á hinn litla íslenskan lánamarkað og krónan hlýtur að spila þar stórt hlutverk. Íslenskir lántakendur gætu einfaldlega valið að taka skammtíma og langtímalán sín hvar sem vextir eru lægstir á evrusvæðinu og losna þar að auki við gengisáhættu sem fylgir erlendri lántöku í evrum. Heimili landsins ættu flest hver að geta sparað sér hundruða þúsunda á ári hverju í formi lægri vaxtagreiðslna (Eiríkur Bergmann og Jón Þór, 2008).

2.1.2 Hagstjórn með evru

Hér koma hugsanlega fram mestu ókostirnir við upptöku evru þar sem hagstjórn Íslands myndi færast að langmestu leyti til Evrópusambandsins og ber þá helst að nefna ákvörðun stýrisvaxta sem yrði ekki lengur í höndum Seðlabanka Íslands heldur myndi Seðlabanki Evrópu í Frankfurt taka stýrisvaxtaákvörðun fyrir Ísland og hinn löndin á evrusvæðinu á sama tíma. Hagsveiflur á Íslandi hafa undanfarin ár ekki sveiflast í takt við hagsveiflur á evrusvæðinu og óttast margir að það kunnist að draga dilk á eftir sér í formi langtímaatvinnuleysis. Ef evra yrði tekin upp á Íslandi myndu hagstjórnartæki stjórnvalda fyrst og fremst felast í heildarútgjöldum hins opinbera til dæmis með fjárfestingum á krepputímum samhliða lækkingu skatta en draga úr fjárfestingum hins opinbera og hækka skatta á uppgangstímum (Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, 2007).

Þar sem Ísland er einungis 300.000 manna land og að við fengum einungis 5 þingmenn af rúmlega 700 er ljóst að ítökin okkar yrðu mjög svo takmörkuð í hagstjórnnum evrusvæðisins og ólíklegt að Seðlabanki Evrópu myndi bregðast við ef einungis væri kreppa á Íslandi. Seðlabanki Evrópu hefur það hlutverk að horfa á meðalhorfur evrusvæðisins í heild en ekki tilfelli einstakra landa. Margir óttast þess að hagsveiflur Íslands og hagsveiflur evrusvæðisins færu í mismunandi átt, sem dæmi má nefna mikinn uppgang í Evrópu samhliða miklum verðbólguþrýsting sem leiðir til hækkunar á stýrisvöxtum Seðlabanka Evrópu til að draga úr þenslu. Gefum okkur nú að mikil kreppa ríki á Íslandi á sama tíma og stýrisvextir hækka hjá Seðlabanka Evrópu þá gætu afleiðingarnar orðið mikið atvinnuleysi og háir stýrisvextir sem myndu lama atvinnulífið. En bíðum aðeins erum við ekki með mikið atvinnuleysi og háa stýrisvexti og í raun sömu stöðu og lýst var í fyrri setningu. Atburðir undanfarinna mánuða hafa gjörbreytt trú margra sérfræðinga á að hægt sé að stjórna krónunni og eru margir forystumenn atvinnulífsins sammála því (ASÍ, 2009).

Þess má einnig geta að reynsla þeirra ríkja sem tóku upp evru og voru með hvað ósamhverfustu hagsveiflur við meðaltal evrusvæðisins sýnir að þeim hefur tekist að aðlagast hinu nýja umhverfi myntbandalagsins (Eiríkur og Jón Þór, 2008).

Helsti kostur íslensku krónunnar eru þau hagstjórnartæki sem standa bæði Seðlabanka og stjórnvöldum Íslands til boða. Stóra spurningin nú er hvort hagstjórn er möguleg með einn minnsta sjálfstæða gjaldmiðil í heimi. Hafa þarf í huga að ef sjálfstæð

peningamálastefna nær að jafna hagsveiflur í þjóðfélagi er sjálfstæður gjaldmiðill mjög mikill kostur en ef sjálfstæð peningamálastefna er rót efnahagslegs vanda þá er sjálfstæður gjaldmiðill allt í einu orðinn mikill ókostur (Tryggvi Þór, 2006).

Eins og áður hefur verið getið er einn helsti ókosturinn við upptöku evru sem gjaldmiðil á Íslandi að krónan hefur verið að hagstjórnartæki og sjálfstæði í peningámálum muni glatast um það er enginn ágreiningur. Ef við myndum taka upp evru sem gjaldmiðil þyrfti Ísland að taka upp sameiginlega peningamálastefnu Seðlabanka Evrópu og reynslan sýnir að hann er lengi að bregðast við ósamhverfum skellum einstakra landa og tekur hann ákvörðun út frá meðalhorfum á öllu evrusvæðinu. Rannsóknir sýna einnig að aðlögun hagkerfa eftir efnahagsskelli taki yfirleitt lengri tíma eftir upptöku evru, með öðrum orðum eru þjóðir að öllu óbreyttu fljóttari að ná sér á strik með sjálfstæða peningamálastefnu. Ástæðan fyrir þessu er sá mikli sveigjanleiki sem sjálfstæð peningamálastjórnun hefur í för með sér en aftur á móti verða skellirnir oftast stærri og ef til vill meira áfall í byrjun (Eiríkur Bergmann og Jón Þór, 2008).

2.1.3 Rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja með evru

Rekstarumhverfi íslenskra fyrirtækja myndi gjörbreytast ef evra yrði tekin upp og þá sérstaklega fyrir þau fyrirtæki sem starfa í innflutningi og/eða útflutningi. Eins og fram hefur komið myndi tilkoma evrunnar stuðla að minni gengissveiflum við aðra gjaldmiðla og myndi hverfa alveg í viðskiptum við evrusvæðið sem í dag eru tæplega helmingur allra viðskipta við útlönd. Með upptöku evru væri mun auðveldara fyrir íslensk fyrirtæki að skipuleggja sig fram í tímann og myndi það auðvelda til muna rekstraráætlanir einkum vegna minni gengissveiflna. Sá mikli viðskiptakostnaður sem fylgir því að skipta krónum í evrur myndi einnig heyra sögunni og er einnig bent á að það sé mun dýrara að skipta lítilli mynt eins og krónu yfir í dollar eða jen heldur en stórum gjaldmiðli eins og evru fyrir í dollara eða jen. Bankar í Evrópu eru með meira spread eins og það heitir á ensku eða mismun á kaup og sölugengi á íslensku krónunni heldur en þá norsku til dæmis. Fjármagnskostnaður íslenskra fyrirtækja ætti að lækka talsvert með upptöku evru eins og hefur komið fram í kaflanum um vaxtastig.

Upptaka evru getur leitt til aukinnar samkeppni á Íslandi og þá kannski helst í formi banka og tryggingarféлага sem gætu séð sér hag í að opna hér útibú. Líklegast myndi samkeppni haldast óbreytt að hálfu fyrirtækja í útrásarhugleiðingum þar sem Ísland er

nú þegar aðili að Evrópska efnahagssvæðinu með óheftan aðgang að innri markaði þess.

Rekstarumhverfi fyrirtækja á Íslandi yrði óbreytt með íslenskri krónu það er mikill fjármagnskostnaður, miklar sveiflur og lítill stöðugleiki (Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, 2007; Eiríkur Bergmann og Jón Þór, 2008).

Helsti kosturinn við núverandi fyrirkomulag er sá að útflutningsgeirinn og þá aðallega sjávarútvegurinn getur skapað sér sérstöðu í samkeppni þegar gengið er lágt. Innflutningsfyrirtæki á hinn bogin virðast vera treg að lækka verðið á vörum sínum þegar gengið sveiflast í hina áttina og krónan er sterk. Fræðimenn hafa haft áhyggjur af því að við getum misst okkar stærstu fyrirtæki út úr landi sökum þess hvað krónan er óstöðug og jafnvel ennþá verra núna sökum gjaldeyrishafta. Nýlega kom frétt þess efnis að tölvufyrirtækið CCP gætu þurft að flytja höfuðstöðvar þess úr landi og getur ekki búið við gjaldeyrishöft í lengri tíma en tvö ár (Vísir, 2009).

Ljóst er að verðmæt fyrirtæki eins og CCP sem eru ónæg fyrir efnahagshrunum og skaffa hér gríðarlegt magn af erlendum gjaldeyri má Ísland ekki við að missa.

2.1.4 Verð á vörum með evru

Með upptöku evru á Íslandi myndi vöruverð lækka meðal annars vegna hagkvæmara rekstarumhverfis fyrirtækja á Íslandi, minni gengissveiflum, minnkun viðskiptakostnaðar og aukinnar samkeppni um það verður tæpast deilt. Hins vegar snýst ágreiningurinn fyrst og fremst um það hve mikil þessi lækkun yrði og á hvaða kostnað fyrir íslenska bændur svo dæmi sé tekið. Verðlag er alls ekki hið sama á öllu evrusvæðinu og mikill flutningskostnaður sem fylgir eyju eins og Íslandi mun ekki hverfa þannig að gera má ráð fyrir því að vöruverð verði en fyrir ofan meðalverð evrusvæðisins þrátt fyrir upptöku evru (Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, 2007). Þrjú lönd sem eru hvað samanburðarhæfust er varða tilraun til mælinga á verðlækkun sökum þess hvað velmegunarstig og skattaumhverfi eru lík eru Írland, Danmörk og Finnland. Í þessum þremur löndum er verð á vörum að meðaltali 18% lægra en á Íslandi og sáust merki um lækkun strax eftir upptöku evru eða í tilfelli dönsku krónunnar þegar hún var fest við evru eins og fram hefur komið í kaflanum um aðildarríki án evru (Eiríkur Bergmann og Jón Þór, 2008). Þessu til stuðnings má nefna annað samanburðarhæft land utan evrusvæðisins, Noregur, þar sem verð á vörum er með svipuðu móti og tíðkast hérlendis (RÚV, 2008). Þannig að óhætt er að fullyrða

að verð á vörum myndi lækka með upptöku evru en erfitt að segja til um hve mikil lækkunin myndi verða og hvað það myndi þýða fyrir íslenskan landbúnað. Íslenskir bændur nefna sér til stuðnings að í Finnlandi varð 50% tekjusamdráttur í landbúnaði en einungis 11% prósentu lækkun á matarverði.

2.1.5 Breytingar á vinnumarkaði með evru

Nýleg rannsókn sem framkvæmd var af Ólafi Darra Andrasyni um sveigjanleika launa á íslenskum vinnumarkaði leiddi í ljós að bæði nafnlaun og raunlaun eru frekar sveigjanleg og eru þau sveigjanlegri en í vestur Evrópu. Á meðan krónan er hér gjaldmiðill okkar Íslendinga má ætla að laun á vinnumarkaði haldist sveigjanleg og þá sérstaklega þegar kemur að raunlaunum sem stjórnvöld geta lækkað á svipstundu með því að fella gengi krónunnar. Þessi sveigjanleiki verður að teljast mikill kostur krónunnar og óvíst er hversu sveigjanleg laun á vinnumarkaði yrðu eftir upptöku evru þegar við missum hagstjórn landsins að mestu leyti til Evrópusambandsins sem að öllu óbreyttu myndi þýða aukið atvinnuleysi. Reynsla flestra landa er að laun eru almennt ekki sveigjanleg, sérstaklega ekki nafnlaun og ennþá síður á svo stóru svæði eins og evrusvæðið er og það getur varla þýtt annað en aukið atvinnuleysi þegar hagkerfin dragast saman. Ástæða þess að vinnumarkaður á Íslandi er mjög sveigjanlegur lýsir sér best í sögu gengisfellinga sem hafa átt sér stað hérlendis til þess að mæta minna heildarverðmæti útflutningsvara okkar og þá sérstaklega aflasamdrætti. Aðrar smærri breytingar á vinnumarkaði eftir upptöku evru væru að einhverju leyti aukin samræming kjara og samningsumhverfis á íslenskum og evrópskum vinnumarkaði. Ísland er aðili að EES samningnum sem var hér tekinn upp árið 1994 og má segja að reglur vinnumarkaðarins eru að mestu leyti komnar. Ólíkt því sem margir halda myndi ekki streyma inn fjölda allan af ódýru vinnuafli vegna upptöku evru. Ísland er aðili að EES samningnum sem var hér tekinn upp árið 1994 og má segja að reglur vinnumarkaðarins eru að mestu leyti komnar í gildi (Eiríkur Bergmann og Jón Þór, 2008; Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, 2007).

2.1.6 Hagvöxtur og kaupmáttur launa með evru

Hér má segja að það renna saman tvær mismunandi hugmyndir sem eru báðar á rökum reistar hvað varðar hagvöxt á Íslandi eftir upptöku evru. Fyrsta hugmyndin er sú að

upptaka evru myndi hafa jákvæð áhrif á utanríkisviðskipti Íslands samhliða lægri viðskiptakostnaði sem ætti að öllu óbreyttu að leiða til meiri hagvaxtar. Önnur hugmyndin er sú að hagvöxtur hefur verið mun meiri á Íslandi en á evrusvæðinu og að hann myndi þá aðlagast þeim hagvexti sem tíðkast þar eða með öðrum orðum minnka. Þessari spurningu er gríðarlega erfitt að svara sérstaklega þar sem hagvöxtur ræðst af öðrum þáttum en ekki bara hvers konar gjaldmiðil lönd nota.

Eins og fram hefur komið mun verð á vörum lækka við upptöku evru og að öllu óbreyttu ætti þá kaupmáttur launa að aukast svo um munar. Samkvæmt bráðabirgðaútreikningum gæti kaupmáttur launa aukist hér um allt að 24 prósent vegna lækkaðs verð á vörum og aukningu á þjóðarframleiðslu og þá einkum vegna aukningar í utanríkisviðskiptum (Eiríkur Bergmann og Jón Þór, 2008; Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, 2007).

2.1.7 Fjárfestingar útlendinga með evru

Upptaka evru á Íslandi mynd auðvelda erlendar fjárfestingar og það gildir jafnt fyrir Íslendinga í útlöndum sem og útlendingar á Íslandi. Þessar fjárfestingar hafa verið framkvæmanlegar síðan Ísland tók upp EES samninginn árið 1994 og fóru þá Íslendingar í mikla útrás eins og þekkt er, erlendir aðilar hafa einnig fjárfest hér í áli en þó verður að segjast að fjárfestingar sem leiða til aukinnar samkeppni á Íslandi hafa ekki orðið að veruleika í eins miklu mæli og vonast var eftir. Fjárfestingar Íslendinga yrðu einnig auðveldari annars staðar en á evrusvæðinu með tilkomu þekktari og stöðugri gjaldmiðils. Verðsamanburður yrði einnig auðveldari bæði fyrir útlendinga á Íslandi sem og Íslendinga í útlöndum og það myndi sjálfkrafa leiði til frekari fjárfestinga af hálfu beggja aðila. Erlendir fjárfestar hafa margir hverjir verið tregir að fjárfesta á Íslandi sökum smæðar og óstöðugleika íslensku krónunnar. Segja má að erlendir fjárfestar séu hræddir við gengissveiflur íslensku krónunnar og sérstaklega þegar það kemur að því að skipta henni í aðra gjaldmiðla og óvíst hve mikið fæst fyrir hana hverju sinni. Eins og staðan er í dag með gjaldeyrishöftunum yrði hagnaður erlendra fjárfesta bundinn í íslenskum krónum sem fæli þá frá. Eitt er ljóst að aukin viðskipti við útlönd og auknar erlendar fjárfestingar á Íslandi hljóta að teljast kostur sem ætti að öllu óbreyttu að leiða til meiri samkeppni, meira úrval fyrir neytendur og aukinn kaupmáttur launa. Þó þarf að hafa í huga að aðrir þættir eins og fjarlægð frá meginlandi Evrópu, ólíkir menningarsíðir sem og tungumál hafa vissulega sín áhrif

einnig en þegar á heildina litið má álykta að þetta yrði einn af kostum við upptöku evru (Eiríkur Bergmann og Jón Þór, 2008; Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, 2007).

2.1.8 Utanríkisviðskipti með evru

Evra er sameiginlegur gjaldmiðill evrusvæðisins og er notaður í um það bil helming allra utanríkisviðskipta Íslands. Það að taka upp evru getur ekki annað en aukið viðskipti Íslands við þennan hóp, þessi kenning er studd af fjöldanum öllum af erlendum sem og íslenskum rannsóknum hvað þetta atriði varðar. Stór gjaldmiðill eins og evra sem 16 lönd nota sameiginlega dregur úr mörgum óvissuþáttum og auðveldar verðsamanburð á milli þessara ríkja. Rannsóknir hafa sýnt fram að utanríkisviðskipti Íslands gætu aukist á bilinu 50 til 60 prósent við upptöku evru og samhliða því ætti hlutfall utanríkisviðskipta af þjóðarframleiðslu að vaxa um 12 prósent.

Hér má álykta að lítil gjaldmiðill eins og krónan sé viðskiptahindrun og veldur það því að fjárfestingar útlendinga á Íslandi eru með minnsta móti að teknu tilliti til stærð íslenska hagkerfisins (Eiríkur Bergmann og Jón Þór, 2008; Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, 2007).

2.1.9 Kenningin um hagkvæm myntsvæði

Kenningin um hagkvæm myntsvæði var birt eftir Robert Mundell árið 1961. Til þess að svæði eða ríki teljist hagkvæm myntsvæði þurfa þau að uppfylla ákveðin skilyrði til þess að það teljist hagkvæmt að ganga í myntbandalag við hvort annað. Samkvæmt kenningunni er almennt talað um þrjú megin skilyrði. Það fyrsta er að markaðir ríkjanna eða svæðisins þurfa að vera nátengd og stunda mikil viðskipti við hvort annað. Skilyrði númer tvö eru að hagkerfi þessara ríkja eða svæðis þurfa helst að sveiflast í takt við hvor aðra. Þriðja skilyrðið er að vinnumarkaður ríkjanna sem vilja eiga með sér samstarf þarf að vera sveigjanlegur (Jón Steinsson, 2000).

Ef raunveruleikanum er beitt á þessa kenningu Mundell við Ísland kemur eftirfarandi í ljós. Ísland gerðist aðili að EES samningnum árið 1994 og er aðili að innra markaði Evrópusambandsins sem þýðir það að Ísland er mjög nátengt við evrusvæðið. Tæplega 50 prósent af utanríkisviðskiptum okkar Íslendinga eru við evrusvæðið hvort sem um er að ræða innflutningur eða útflutningur. Þessar staðreyndir gefa til kynna að fyrstu skilyrði kenningarinnar um hagkvæm myntsvæði séu fyrir hendi. Skilyrði númer tvö

er hins vegar ekki eins jákvætt þar sem hagkerfi Íslands og evrusvæðisins hafa alls ekki sveiflast í takt við hvor aðra. Eins og getið var í kaflanum um hagstjórn með evru kom fram að mun meira góðæri hefur ríkt hér á landi en almennt á evrusvæðinu og eins og er að koma í ljós núna að kreppan og samdrátturinn hér er mun meiri en meðaltal evrusvæðisins. Nýlegar spár um í landsframleiðslu Evrópusambandsins gera ráð fyrir 4 prósentu samdrætti (RÚV, 2009) á meðan Seðlabanki Íslands gerir á sama tíma ráð fyrir um 11 prósentu samdrætti á Íslandi (Vísir, 2009).

Þessar staðreyndir segja að skilyrði númer tvö í kenningunni um hagkvæm myntsvæði eigi ekki við um Ísland og Evrópusambandið. Síðasta skilyrði um sveigjanleika vinnumarkaða hjá aðildarríkjunum er erfiðara að meta. Sumar rannsóknir segja að íslenskur vinnumarkaður myndi aðlagast þeim evrópska en það myndi þýða meira aðhald hjá stjórnvöldum og aðilum vinnumarkaðarins. Aðrir segja að laun á jafn stórum svæðum og evrusvæðinu eru mjög treg til lækkunar, það er mjög erfitt að lækka nafnlaun og hvað raunlaun varðar er ekki svo auðvelt að fella gengi evrunnar. Á Íslandi hins vegar eru laun talin sveigjanleg og þá sérstaklega þegar kemur að raunlaunum með reglulegum fellingum á gengi krónunnar í gegnum árin til að mæta samdrætti í útflutningi. Þriðja skilyrðið um hagkvæm myntsvæði er erfiðara að meta hvort það eigi við um Ísland eða ekki, þó halla staðreyndirnar í áttina að það eigi ekki við. Hér er spurning um hve vel vinnumarkaður Íslands aðlagast vinnumarkaði evrusvæðisins og skiptir það sköpum um hvort þriðja skilyrðið eigi við eður ei.

(Eiríkur Bergmann og Jón Þór, 2008; Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, 2007).

Samband Íslands og evrusvæðisins með tilliti til kenningu um hagkvæm myntsvæði og skilyrðin þrjú leiða í ljós að eitt skilyrðanna er jákvætt, eitt neikvætt og það þriðja er óljóst en hallar þó í neikvæða áttina.

Niðurlag

Ljóst er að upptaka evru á Íslandi mynd hafa víðtæk áhrif á íslenskt efnahagslíf og yrðu kostir þess margir en ekki má gleyma að margir ókostir eru einnig og verður ekki um þá deilt. Spurningin hvort Ísland ætti að ganga inn í Evrópusambandið og taka upp evru eða ekki mun brenna á vörum allra Íslendinga sérstaklega í ljósi núverandi stöðu íslensks efnahagslífs. Álykta má að einn góðan veðurdag mun Ísland sækja um aðild að Evrópusambandinu og þá verður ekki aftur snúið þannig að vanda þarf þessa ákvörðun eins og kostur er. Helstu kostir upptöku evru eru í meginatriðum minni sveiflur á gengi þess við aðra gjaldmiðla og engar sveiflur með viðskiptin innan evrusvæðisins sjálfs, rekstrarumhverfi fyrirtækja verða bætilegri og búast má við að verð á vörum muni lækka, kaupmáttur launa ætti að öllu óbreyttu að aukast, fjárfestingar útlendinga og utanríkisviðskipti aukast einnig og samhliða því þjóðarframleiðsla Íslands vegna aukinna viðskipta við útlönd.

Kostir núverandi fyrirkomulags eru sjálfstæð peningamálastefna ásamt þeim hagstjórnartækjum sem fylgja henni. Meiri sveigjanleiki á vinnumarkaði og þá sérstaklega með tilliti til raunlækkunar og rannsóknir benda til þess að hagkerfi eru fljótari að ná sér upp úr verulegum samdráttum í landsframleiðslu með eigin gjaldmiðil. Samkvæmt kenningunni um hagkvæm myntsvæði og skilyrðin þrjú eru ein skilyrðin jákvæð, önnur neikvæð en sú þriðja óljós. Eins og staðan er í dag er ljóst að krónan er betri kostur ef við ætlum að ná okkur út úr þessum fjármálahreppingum sem nú dynja yfir okkur þar sem við þurfum á öllum sveigjanleika sem krónan hefur upp á að bjóða. Reyndar má nefna að fræðimenn hafa ekki hingað til talað um sjálfstæðan gjaldmiðil í kreppu sem rúin er öllu trausti og hvort hann sé raunverulega til þess fallinn að hjálpa þjóðum í kreppu. Þegar fjármálakreppunni lýkur verðum spurningunni um hvort sé betra að hafa krónu eða evru í umræðunni á ný. Góður samanburður fyrir Ísland er Írland og fróðlegt verður að fylgjast með hvernig þeim mun takast að komast upp úr kreppunni samanborið við okkur.

Heimildaskrá

Eiríkur Bergmann Einarsson og Jón Þór Sturluson (2008). *Hvað með evruna ?*. Háskólinn á Bifröst: Oddi.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands (2007). *Kostir og gallar upptöku evru sem gjaldmiðils á Íslandi*. Skoðað 27. mars 2009 á

<http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Ymislegt/Evran.pdf>

Evan Davis (2002). *Lessons learned on Black Wednesday*. Skoðað 28. mars 2009 á

<http://news.bbc.co.uk/2/hi/business/2259648.stm>

Currency UK Limited (2009). *Danish Krone (DKK)*. Skoðað 28. mars 2009 á

<http://www.currencyuk.co.uk/rates/euros-to-danish-kroner.php>

Robyn Curnow og Kim Norgaard (2003). *Sweden rejects euro currency*. Skoðað 28. mars 2009 á

<http://edition.cnn.com/2003/WORLD/europe/09/14/sweden.euro/index.html>

Landsbanki Íslands (2009). *Gengisþróun*. Skoðað 29. mars 2009 á

<http://www.landsbanki.is/markadir/gengigjaldmidla/gengisthroun/#EUR-USD>

<http://www.landsbanki.is/markadir/gengigjaldmidla/gengisthroun/#USD-ISK>

Seðlabanki Íslands (2009). *Vextir*. Skoðað 29. mars 2009 á

<http://sedlabanki.is/?PageID=8>

European Central Bank (2009). *Key ECB interest rates*. Skoðað 29. mars 2009 á

<http://www.ecb.int/stats/monetary/rates/html/index.en.html>

Alþýðusamband Íslands (2009). *Stefna ASÍ í alþjóðamálum*. Skoðað 29. mars 2009 á

http://asi.is/desktopdefault.aspx/tabid-63//102_read-614/

Tryggvi Þór Herbertsson (2006). *Fyrirkomulag gengismála á Íslandi*. Skoðað 29. mars á www.fis.is/upload/files/Tryggvi%20Þór%20-%206.%20apríl%202006.ppt

Ríkisútvarpið (2008). *Verð á mat 64% hærra hér en í ESB*. Skoðað 29. mars 2009 á <http://www.ruv.is/heim/frettir/frett/prenta/store64/item207785/>

Jón Steinsson (2000). *Hvers vegna evru?* Skoðað 9. maí á http://www.columbia.edu/~js3204/greinar/Hvers_vegna_evru.pdf

Ríkisútvarpið (2009). *ESB býst við 4% samdrætti*. Skoðað 9. maí 2009 á <http://www.ruv.is/heim/frettir/frett/prenta/store64/item207785/>

Vísir (2009). *Harkalegur samdráttur eftir verulega öppenslu*. Skoðað 9. maí 2009 á <http://www.visir.is/article/20090508/VIDSKIPTI/53190671>

Vísir (2009). *CCP gætu þurft að flytja úr landi*. Skoðað 9. maí 2009 á <http://visir.is/article/20090418/FRETTIR01/535828892>